

Notkun Coltrack til að binda malarslitolög. Björk Úlfarsdóttir, Malbikunarstöðin Hlaðbær Colas – mars 2020

Í skýrslunni er gert grein fyrir hvað Coltrack aðferðin er og hvernig hún er notuð til að styrkja, byggja upp og binda malarvegi. Í skýrslunni má sjá greinargóða útskýringu á aðferðinni ásamt myndum. Þá var einnig farið yfir stöðu malarslitolaga á Íslandi og afhverju Hafravatnsvegur var valinn fyrir þetta tilraunaverkefni.

Markmið tilraunarinnar er tvíþætt. Annars vegar að kanna hvort hægt sé að nýta Coltrack aðferðina hér á landi. Hins vegar hvort aðferðin sé hagkvæm kostnaðarlega ef miðað er við hefðbundið viðhald malarvega og uppbyggingu malarslitolaga þar sem hefðbundin klæðing er lögð.

Strax frá upphafi verkefnis var ljóst að miklar áskoranir fælust í að yfirfæra Coltrack aðferðina að íslenskum aðstæðum. Fram kemur að fljótlega um haustið mátti sjá einfalda klæðingarefnið með Coltrack aðferðinni losna úr yfirborðinu og leita út í kant. Það er þó alls ekki óvenjulegt með klæðingarefni. Þegar snjó tók af veginum var farið við fyrsta tækifæri og staðan tekin á ástandi vegarins. Ekki var að sjá neinar markverðar breytingar frá því í desember sem gefur til kynna að Coltrack aðferðin þoli íslensk vetrarveður. Matið á því byggist fyrst og fremst við veguppbygginguna þar sem vegefninu og bikþeytunni var blandað saman. Áfram verður fylgst með þessum köflum og framkvæmdar ástandsúttektir reglulega allt fram til júní 2021 þegar 2 ár verða liðin frá tilraun. Í skýrslunni má sjá myndir frá úttektum í október 2019, desember 2019 og mars 2020, þar er hægt að sjá hvernig kaflinn breytist með tímanum.

Í samanburðarkafli kemur fram að samanburður á viðhaldskostnaði malarslitolaga og kostnað við að byggja upp og binda malarvegi með hefðbundinni aðferð annars vegar og kostnað við Coltrack aðferðina hins vegar, að hefðbundið viðhald malarslitolaga með heflun og mölburði er sú aðferð sem felur í sér minnstan kostnað en er um leið engin uppbygging. Ef velja á að koma slitlagi með sem hagkvæmasta hætti á malarvegi ætti að skoða Coltrack aðferðina af mikilli alvöru, þar sem aðferðin er 20-40% ódýrari en hefðbundin uppbygging malarvegar með nýju efra burðarlagsefni og tvöfaldi klæðingu.

Coltrack aðferðin getur því verið áhugaverð viðbót við vegakerfið á Íslandi og þær aðferðir sem við notum til að bæta það.